

Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á skipulagi leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Flm.: Jón Pétur Zimsen, Jens Garðar Helgason, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Vilhjálmur Árnason, Jón Gunnarsson,
Njáll Trausti Friðbertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Diljá Mist Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að hefja vinnu við heildstæða endurskoðun á skipulagi leik-, grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að bæta gæði menntunar, auka skilvirkni í skólakerfinu og tryggja að allir nemendur fái tækifæri til að nýta hæfileika sína til fulls. Endurskoðunin skuli byggjast á eftirfarandi aðgerðum:

1. Biðlistum eftir leikskólaplássum verði útrýmt.
2. Börn njóti íslensks málumhverfis í leikskólum.
3. Samskipti milli foreldra og skóla séu jákvæð og uppbyggileg.
4. Öll börn geti lesið texta við hæfi eftir 2. bekk grunnskóla.
5. Stuðst verði við nýja, skýra og aðgengilega aðalnámskrá grunnskóla.
6. Námsmat byggt á bókstöfum verði lagt niður.
7. Samræmd lokapróf verði tekin upp að nýju.
8. Skólar verði símalausir.
9. Námsgögn verði stórbætt og nýsköpun innleidd með menntatækni og gervigreind.
10. Valfrelsi í menntakerfinu verði aukið og fé fylgi nemanda.
11. Hreyfing verði hluti af skóladeginum alla daga.
12. Skóli án aðgreiningar verði endurskilgreindur og valfrelsi foreldra aukið.
13. Komið verði á fót móttökuskólum eða -deildum fyrir börn sem tala ekki íslensku og eru nýflutt til landsins.
14. Geðrækt verði eflað í skólakerfinu og brotthvarf minnkað.
15. Rýmum fyrir iðnnema verði fjölgað í menntakerfinu.
16. Skýr markmið verði sett um betri árangur í PISA og læsi.
17. Kennaramenntun verði endurskoðuð.
18. Kennarar og starfsfólk skóla njóti aukinnar virðingar.
19. Undirbúningur verði hafinn sem miðar að fjölgun nemenda í STEAM-greinum og heilbrigðisvísindum.

Greinargerð.

Menntakerfið er undirstaða framþróunar samfélagsins og mikilvægasta jöfnunartæki sem völ er á þar sem grunnur er lagður að tækifærum framtíðarinnar. Til þess að tryggja öllum börnum gæðamenntun sem undirbýr þau fyrir framtíðina þarf að endurskoða skipulag leik-, grunn- og framhaldsskóla með áherslu á þá þætti sem eru líklegri til að stuðla að betri menntun og tryggja betri þjónustu. Í þingsályktunartillögu þessari eru sett fram 19 atriði sem flutn-

ingsmenn telja að geti haft jákvæð áhrif á skólustarf í landinu og stutt við þau markmið sem rakin eru að framan. Að aftan er nánari útlistun á hverri aðgerð.

Biðlistum eftir leikskólaplássum verði útrýmt.

Langir biðlistar eftir leikskólaplássum valda foreldrum áhyggjum og skerða möguleika barna á réttmætri menntun. Leita þarf nýrra leiða og skipuleggja ný úrræði til að tryggja öllum börnum leikskólapláss frá 12 mánaða aldri. Í því sambandi má skoða fjölbreytt rekstrarform leikskóla, þar á meðal fyrirtækjaleikskóla eins og verið hafa í deigluinni, sem og að foreldrar geti verið með börnum sínum fyrstu 1.000 dagana í lífi þeirra.

Börn njóti íslensks málumhverfis í leikskólum.

Til að tryggja góðan málþroska og læsi þarf að leggja áherslu á íslenskt málumhverfi í leikskólum. Markmiðið er að meiri hluti starfsfólks leikskóla búi yfir hæfni í íslensku. Þjóða þarf starfsfólki sem uppfyllir ekki það skilyrði upp á íslenskukennslu.

Samskipti milli foreldra og skóla séu jákvæð og uppbyggileg.

Mikilvægt er að fyrstu samskipti skóla og heimilis séu jákvæð og uppbyggileg og að umsjónarkennari bendi forsjáraðilum með markvissum hætti á það jákvæða sem umsjónarnemandinn hefur fram að færa. Með þessari aðgerð er byggð brú milli heimilis og skóla og jákvæð tengsl mynduð. Jákvætt samtal er ábatasamt fyrir börn sem standa höllum fæti, námslega eða félagslega, og ávextir samtalsins frábær forvörn.

Öll börn geti lesið texta við hæfi eftir 2. bekk.

Lestrarkunnátta er grunnstoð náms og samfélagsþátttöku. Stöðumat á framvindu lestrar-kennslu gefur nauðsynlegar upplýsingar um lestrarhæfni barns á hverjum tíma. Öll börn, nema þau sem eru með sértæka námserfiðleika, ættu að geta lesið texta við hæfi sér til gagns eftir 2. bekk. Þannig er hægt að grípa inn í með sértækum stuðningi ef þess gerist þörf. Skóla-kerfið missir því ekki af þeim nemendum sem hafa ekki náð tókum á lestri.

Stuðst verði við nýja, skýra og aðgengilega aðalnámskrá grunnskóla.

Skrafa þarf nýja aðalnámskrá þar sem þekkingarviðmið og beiting þeirra er skýr. Námskráin á að vera aðgengilegur leiðarvísir fyrir skólastjórnendur og kennara og einnig auðskilin fyrir nemendur og foreldra. Það er núverandi námskrá alls ekki. Þekkingarmiðuð námskrá eykur sköpun og gagnrýna hugsun enda þekking grunnur hvors tveggja.

Námsmat byggt á bókstöfum verði lagt niður.

Námsmat í núverandi námskrá er illskiljanlegt fyrir kennara, foreldra og nemendur og mikil eftirspurn er eftir breytingum. Matsviðmið námskrárinnar, sem byggjast á textum táknuðum með bókstöfum, ætti að leggja af. Skólar hafi frelsi til að útfæra eigið námsmat sem er réttmætt og áreiðanlegt. Mikilvægt er að það verði skiljanlegt fyrir nemendur og foreldra.

Samræmd lokapróf verði tekin upp að nýju.

Samræmd lokapróf varpa ljósi á hvernig nemendum hefur tekist að tileinka sér, komast í snertingu við, öll hæfniviðmið aðalnámskrár. Prófin eru hvetjandi og stuðla að jafnræði og gagnsæi. Það leiðir til úrbóta og endurgjafar fyrir nemendur, foreldra, skóla og menntayfirvöld.

Skólar verði símalausir.

Skólinn á að vera gríðastaður nemenda hvað utanaðkomandi áreiti varðar og símanotkun getur haft neikvæð áhrif á einbeitingu og námsárangur. Félagsfærni hefur farið mikið aftur en hún byggist á þjálfun. Nemendur tala minna saman og hefur staðan ýtt undir einmanaleika, depurð og kvíða. Snjallsíminn og forrit í honum eru líklegasta breytan í þessu samhengi. Að innleiða símalausa skóla skapar betri vinnufrið, eykur félagslega þátttöku og dregur úr truflunum í kennslustundum. Aðstaða til að geyma síma frá upphafi til loka skóladags þyrfti að vera til staðar í skólum.

Stórbætt námsgögn og nýsköpun innleidd með menntatækni og gervigreind.

Prófa þarf ný og betri námsgögn til að ná árangri. Eftir þessu kalla kennarar þannig að þeir geti einbeitt sér að kennslunni. Mikilvægt er að nýta menntatækni til nýsköpunar í fjölbreyttri námsgagnagerð. Nota ætti gervigreind til að búa til einstaklingsmiðaðri námsgögn en við þekkjum. Kennarar þurfa að hafa aðgang að góðri endurmenntun til að tæknin nýtist þeim sem best.

Valfrelsi í menntakerfinu verði aukið og fé fylgi nemanda.

Samhliða opinberum rekstri á að nýta kosti einstaklingsframtaksins með öflugum sjálfstætt starfandi skólum og nýsköpun á sem flestum sviðum. Hið opinbera á að greiða það sama með nemendum, óháð rekstrarformi skóla, og í því skyni er mikilvægt að fé fylgi hverjum nemanda til að valfrelsi foreldra og barna sé tryggt. Um leið er starfsmöguleikum kennara fjölgað með fleiri gerðum skóla.

Hreyfing verði hluti af skóladeginum alla daga.

Hreyfing stuðlar að bættum námsárangri og einbeitingu barna og hún hefur einnig jákvæð áhrif á andlega og líkamlega líðan og félagsfærni. Mikilvægt er að koma hreyfingu inn í upphaf skóladags hjá sem flestum nemendum auk þess að efla hreyfingu í frímínútum með markvissum leiðum og góðum aðstæðum á skólalóð.

Skóli án aðgreiningar verði endurskilgreindur og valfrelsi foreldra aukið.

Endurskilgreina þarf hugmyndina um skóla án aðgreiningar til að tryggja að allir þeir nemendur sem mögulega þurfa aukinn stuðning fái hann. Ljóst er að hluta nemenda getur farnast betur í sérúrræðum og því mikilvægt að metið verði hvernig og hvort skóli án aðgreiningar nái markmiðum um að tryggja velsæld og árangur allra barna í skólum landsins. Foreldrar barna eiga að hafa frelsi til þess að velja sérúrræði fyrir börn sín. Staðan í dag er sú að ekki fá allir nemendur inni í sérúrræðum sem vilja og/eða þurfa.

Komið verði á fót móttökuskólum eða -deildum fyrir börn sem tala ekki íslensku og eru nýflutt til landsins.

Fjölgun barna sem flytja til landsins kallar á aðra nálgun í menntakerfinu. Æskilegt er að börn sem koma til landsins og tala ekki íslensku taki fyrstu skrefin í grunnskólagöngunni í móttökuskóla eða -deild þar sem áhersla er á íslensku og íslenska menningu. Gæta verður að félagslegri blöndun með því að nýir nemendur verji einhverjum tíma vikulega í almennum hópum. Meta þarf lestrarfærni þeirra áður en þau hefja nám með jafnöldrum sínum hérlandis. Um er að ræða brú í takmarkaðan tíma til að menntun þeirra og annarra gangi sem best. Markmiðið er að mæta þörfum hvers barns.

Geðrækt verði eflid í skólakerfinu og brotthvarf minnkað.

Eftir aðgerðir vegna heimsfaraldurs og minnkandi félagsfærni hefur skapast töluvert los í ákveðnum nemendahópum. Brotthvarf er of mikið í framhaldsskólum. Nemendur finna síður tilgang, eru frekar einmana, finna til depurðar og eru því líklegri en ella til að hætta námi. Halda þarf mun betur utan um viðkvæma nemendahópa og leita allra leiða til að styðja þá í gegnum námið, m.a. með mun öflugri geðheilbrigðisþjónustu við ungt fólk og fjölskyldur þeirra.

Rýmum fyrir iðnnema verði fjölgað í menntakerfinu.

Beita þarf tvísetningu tímabundið til að koma til móts við þann stóra hóp „eldri“ nemenda sem hefur ekki fengið inngöngu í iðnnám. Nýta má dagskólann enn betur og koma kvöld- og helgarnámskeiðum á legg.

Skýr markmið verði sett um betri árangur í PISA og læsi.

Með aðgerðum í menntamálum er hægt að koma íslensku menntakerfi á þann stað þar sem það á heima, í flokk meðal þjóða sem skara fram úr. Allir nemendur sem eru ekki með námslegar hamlanir eiga að geta lesið sér til gagns.

Kennaramenntun verði endurskoðuð.

Of mikið er um að kennarar snúi sér að öðrum störfum en kennslu og sú gagnrýni hefur komið fram að námið búi þá ekki nægilega vel undir starfið innan kennslustofunnar. Kennaranámið verður að vera hagnýtara og þarf í auknum mæli að bjóða upp á örnám til að kennarar geti jafnt og þétt bætt færni sína á mikilvægum sviðum. Mætti þar nefna lestrarkennslu, stærðfræði og þekkingu til að vinna með gervigreind til að geta undirbúið börn fyrir framtíðina. Skynsamlegt gæti verið að horfa til þróunar á nýrri námsbraut fyrir kennara þar sem ólík- ir skólar geta haft sérhæfingu í ólíkum þáttum menntunar, t.d. STEAM-greinum og heilbrigðisvísindum.

Kennarar og starfsfólk skóla njóti aukinnar virðingar.

Starfsfólk skóla gegnir einu mikilvægasta starfi samfélagsins. Mikilvægt er að auka virðingu þess með bættri og markvissri umræðu. Starfsfólk skóla kemur að lífi okkar allra og hefur langoftast jákvæð og uppbyggileg áhrif á börnin okkar. Kennarar og starfsfólk eiga að hafa frelsi til að útfæra góðar hugmyndir sem bæta skólastarf. Mikilvægt er að skólastjórnendur beri ábyrgð á skólastarfi og hafi rými til að umbuna sérstaklega því starfsfólki sem skarar fram úr og er leiðandi hvað varðar allar framfarir barna.

Undirbúningur verði hafinn sem miðar að fjölgun nemenda í STEAM-greinum og heilbrigðisvísindum.

Fjölgun nemenda í heilbrigðisþjónustu og STEAM-greinum (vísinda- og tæknigreinum, verkfræði, listgreinum og stærðfræði) er lykilatriði til að mæta framtíðaráskorunum á vinnu- markaði og efla nýsköpun. Það mætti gera með aukinni áherslu á þessar greinar í grunn- og framhaldsskólum og hvötum fyrir kennara til að sérhæfa sig í kennslu STEAM-greina og heilbrigðisvísinda.